


Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2014

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar), 2. mál og um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2015 (breyting ýmissa laga), 3. mál.

Breytingar á skattkerfinu og forsendur fjárlagafrumvarpsins hafa verið til umfjöllunar á formannafundum Starfsgreinasambandsins og í nær öllum aðildarfélögunum. Í fylgiskjali með umsögn Alþýðusambands Íslands um 2. mál eru tíundaðar ályktanir aðildarfélaga ASÍ, þar af eru 13 stjórnir og/eða trúnaðarráð innan SGS sem hafa ályktað. Starfsgreinasamband Íslands styður umsögn ASÍ um frumvörpin og hvetur Alþingi til að taka til greina þær skýru kröfur sem koma samróma fram í ályktunum stéttarféлага um allt land.

virðingafyllst,



Drífa Snædal

Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlsfél. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-
Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlsfél. Keflavíkur og
nágrennis (VSFK), Vlsfél. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.